

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/176

2018/EES/42/02

frá 25. janúar 2017

um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna gólfklæðninga að meginhluta úr viði, korki og bambus*(tilkynnt með númeri C(2017) 303) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB ⁽²⁾ var komið á vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannpröfun fyrir gólfklæðningar úr viði sem gilda til 31. desember 2016.
- 4) Í því skyni að endurspegla betur það úrval gólfklæðninga sem eru að meginhluta úr viði, korki og bambus sem er á markaði og nýjustu tækni fyrir þessar vörur og til að taka tillit til nýsköpunar nokkurra síðustu ára þykir rétt að breyti heiti og umfangi vöruflokksins og setja endurskoðaðar vistfræðilegar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB.
- 5) Markmiðið með þessum endurskoðuðu viðmiðunum fyrir umhverfismerki ESB er að notaður sé efniviður sem framleiddur er á sjálfbærari hátt, byggt á nálgun sem felur í sér vistferilsgreiningu með takmörkun á orkunotkun og notkun hættulegra efnasambanda, magni hættulegra leifa, framlagi gólfklæðninga til loftmengunar innanhúss og stuðlar að endingarbetri vörum í háum gæðaflokki sem er auðvelt að gera við og hluta í sundur. Endurskoðuðu viðmiðanirnar, ásamt tilheyrandi kröfum um mat og sannpröfun, ættu að gilda í sex ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.
- 6) Kóði sem samsvarar vöruflokknum er óaðskiljanlegur hluti af skráningarnúmerum umhverfismerkis ESB. Til að lögbærir aðilar geti úthlutað skráningarnúmeri umhverfismerkis ESB til gólfklæðninga sem eru að meginhluta úr viði, korki og bambus sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki ESB er nauðsynlegt að úthluta viðkomandi vöruflokki kenninúmeri.
- 7) Því ætti að fella ákvörðun 2010/18/EB úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 28, 2.2.2017, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2017 frá 13. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/18/EB frá 26. nóvember 2009 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gólfklæðningar úr viði (Stjttð. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 32).

- 8) Rétt þykir að heimila umbreytingartímabil fyrir framleiðendur ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir gólfklæðningar úr viði á grundvelli vistfræðilegra viðmiðana, sem eru settar fram í ákvörðun 2010/18/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum kröfum fyrir viðmiðanirnar. Framleiðendum ætti einnig að vera heimilt að leggja fram umsóknir, sem byggjast á vistfræðilegu viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun 2010/18/EB, í hæfilega langan tíma.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Undir vöruflokkinn „gólfklæðningar sem eru að meginhluta úr viði, korki og bambus“ falla gólfklæðningar til notkunar innanhúss, þ.m.t. timburgólfefni, samlímd gólfefni, gólfklæðningar úr korki og bambusgólfefni sem eru úr viði, að meginhluta úr viði, korki, að meginhluta úr korki, bambus og að meginhluta úr bambus eða trefjum, svo nemur meira en 80% af þyngd fullnunu vörunnar og innihalda ekki gervitrefjar í neinu laganna sem þau eru sett saman úr.

Undir hann skulu ekki falla veggklæðningar, klæðningar til nota utandyra, klæðningar með burðarhlutverk eða hallastillandi efni.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „timburgólfefni“: samsetning viðarþátta, forsamsettar plötur eða parketgólfborð sem mynda slityfirborð gólfins,
- 2) „gólfklæðningar úr korki“: gólfklæðningar gerðar úr kornuðum korki blönduðum bindiefni og síðan hertar, eða nokkrum lögum af korki í kurlu eða spónum sem hægt er að þrýsta saman með lími, sem er ætlað til notkunar með yfirborðsmeðferðarefni,
- 3) „yfirborðsmeðferðarefni“: efnablanda í skilningi 8. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB ⁽¹⁾,
- 4) „gólfklæðningar úr bambus“: gólfklæðningar sem eru gerðar úr heilum bútum af bambus eða kurlu sem er blandað bindiefni,
- 5) „samlímd gólfefni“: stíf gólfklæðning með yfirborðslagi sem er samsett úr einni eða fleiri þunnum plötum af trefjóttum efnivið (yfirleitt pappír) gegndreyptum hitaheðandi amínoplastresínnum (yfirleitt melamíni), þrýstum á undirlag eða bundnar því, yfirleitt er bak á fullnunu vörunni,
- 6) „hálfrokjarnt, lífrænt efnasamband“: öll lífræn efnasambönd sem skolast út í hárpípusúlu, húðaðri 5% fenýlpólýsílóxani og 95% metýlpólýsílóxani, með geymdarsvið milli n-hexadekans (að því undanskildu) og n-dókósans (að því meðtöldu),
- 7) „R-gildi“: summa allra R_i-gilda ef R_i-gildið er hlutfallið C_i/LCI_i ef C_i er styrkur efnasambands i í prófunarklefa og LCI_i er LCI-gildi (lægsti styrkur sem skiptir máli) efnasambands i skilgreint samkvæmt skýrslum evrópsku samstarfsaðgerðarinnar „Urban air, indoor environment and human exposure“ ⁽²⁾,
- 8) „efni“: efni í skilningi 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽³⁾,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tilefningu og lakki og efnun til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (Stjútö. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).

⁽²⁾ http://publications.jrc.ec.europa.eu/repository/bitstream/JRC83683/eca%20report%202029_final.pdf

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjútö. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

- 9) „blanda“: blanda í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006,
- 10) „sæfivara“: sæfivara í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾,
- 11) rotvarnarefni: sérhver vara sem fellur undir vöruflokk 8 (viðarvarnarefni) eins og tilgreint er í V. viðauka við reglugerð (ESB) 528/2012, þ.m.t. vörur sem eru notaðar við að rotverja kork og bambus,
- 12) „virkt efni“: virkt efni í skilningi c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012,
- 13) „endurunninn efniviður“: efniviður sem hefur verið endurunninn úr endurnýttum eða endurheimtum efniviði í framleiðsluferli og gerður að fullunninni vöru eða hlut til ísetningar í vöru, að undanskildum viðarúrgangi, flísum og trefjum frá skógarhöggs- og sögunarstarfsemi, eins og skilgreint er í ISO 14021,
- 14) „efniviður að meginhluta úr viði“: efniviður sem er búinn til úr viðartrefjum, viðarflísum eða viði í einum af nokkrum mismunandi ferlum sem geta falið í sér notkun á hækkuðu hitastigi, þrýstingi og bindiresínum eða límeffnum. Efniviðir að meginhluta úr viði samanstanda af: masóníti, trefjaplötum, trefjaplötum af meðal- og háþéttleika, spónaplötum, aspenítlötum, krossviði og plötum úr gegnheilum viði. Þeir geta fengið yfirborðsmeðferð með áferðarefni meðan á framleiðslu gólfklæðningarinnar stendur,
- 15) „efniviður að meginhluta úr korki“: efniviður sem er búinn til úr korktrefjum, korkflísum eða korki í einum af nokkrum mismunandi ferlum sem geta falið í sér notkun á hækkuðu hitastigi, þrýstingi og bindiresínum eða límeffnum,
- 16) „efniviður að meginhluta úr bambus“: efniviður sem er búinn til úr bambustrefjum, bambusflísum eða bambus í einum af nokkrum mismunandi ferlum sem geta falið í sér notkun á hækkuðu hitastigi, þrýstingi og bindiresínum eða límeffnum.
- 17) „gervitrefjar“: allar fjölliðutrefjar,
- 18) „endurnýjanleg orka“: orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽²⁾,
- 19) „upprunaábyrgð“: upprunaábyrgð í skilningi j-liðar 2. mgr. tilskipunar 2009/28/EB.

3. gr.

Vara skal falla undir vöruflokkinn „gólfklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að henni sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki ESB sem og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir vöruflokkinn „gólfklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í sex ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „035“ notað fyrir vöruflokkinn „gólfklæðningar að meginhluta úr viði, korki og bambus“.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (Stjút. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (Stjút. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16).

6. gr.

Ákvörðun 2010/18/EB er felld úr gildi.

7. gr.

Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „gólflæðningar úr viði“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, má leggja fram annað hvort í samræmi við viðmiðanirnar sem kveðið er á um í ákvörðun 2010/18/EB eða viðmiðanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, þrátt fyrir ákvæði 6. gr.

Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem eru veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2010/18/EB má nota í tólf mánuði frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

VIÐMIÐANIR FYRIR UMHVERFISMERKI ESB

Viðmiðanir fyrir veitingu umhverfismerkis ESB fyrir gólfklæðningarvörur að meginhluta úr viði, korki og bambus:

- Viðmiðun 1. Vörulýsing
- Viðmiðun 2. Efniviðir, að meginhluta úr viði, korki og bambus
- Viðmiðun 3. Almennar kröfur um hættuleg efni og blöndur
- Viðmiðun 4. Sértaekar kröfur vegna efna
- Viðmiðun 5. Orkunotkun við framleiðsluferlið
- Viðmiðun 6. Losun rokgjarns, lífræns efnasambands úr gólfklæðningum
- Viðmiðun 7. Losun formaldehýðs úr gólfklæðningunum og burðarplötunni (e. *core board*)
- Viðmiðun 8. Notagildi
- Viðmiðun 9. Möguleiki á viðgerðum og framlengd ábyrgð
- Viðmiðun 10. Neytendaupplýsingar
- Viðmiðun 11. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB
- I. viðbætur. Leiðbeiningar um útreikninginn á magni rokgjarns, lífræns efnasambands sem er notað
- II. viðbætur. Leiðbeiningar um útreikning á orkunotkuninni við framleiðsluferlið
- III. viðbætur. Skrá yfir staðla

MAT OG SANNPÓFUN

Vísað er í sértaekar kröfur vegna mats og sannprófunar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, greiningar, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum eða birgi/birgjum hans, o.s.frv., eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna vottorð, sem eru gefin út af aðilum sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir prófunar- og kvörðunarstofur, og sannprófanir aðila sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu. Faggilding skal fara fram í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem vísað er til í hverri viðmiðun ef þar til bæri aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir eða vettvangsheimsóknir.

Skilyrði er að varan uppfylli öll gildandi lagaskilyrði landsins, eða landanna, þar sem er fyrirhugað er að setja hana á markað. Umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggilding og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stj.útd. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

Ef birgir kýs að gefa umsækjandanum ekki upp efnin sem blanda samanstendur af er birginum heimilt að senda þær upplýsingar beint til þar til bæra aðilans.

Viðmiðun 1. Vörulýsing

Tæknilysing á gólfklæðningunni, þ.m.t. teikningar sem sýna hlutana eða efniviðinn sem mynda fullunnu gólfklæðningavöruna, stærð hennar og lýsingu á framleiðsluferlinu, skal látin þar til bæra aðilanum í té. Þeirri lýsingu skal fylgja listinn yfir efniviði vörunnar og í honum skal koma fram heildarþyngd vörunnar og hvernig hún skiptist milli mismunandi efniviðanna sem eru notaðir.

Sýna skal fram á að gildissviði vöruflokksins, eins og hann er skilgreindur í 1. gr., sé hlítt.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja samræmisyfirlýsingu fyrir þar til bæran aðila sem er studd með eftirfarandi upplýsingum um gólfklæðninguna:

- vöru-/viðskiptaheiti ⁽¹⁾,
- lýsingu á vörunni, þ.m.t. tækniteikningar sem lýsa hlutum eða efniviðum sem eru notaðir í fullunnu vöruna,
- listinn yfir efniviði: hlutfallsleg samsetning hráefnanna, efnanna eða blandanna í fullunnu vörunni, þ.m.t. í allri auka- og yfirborðsmeðferð, ef það á við,
- listi yfir alla íhluti ⁽²⁾ vörunnar og þyngd þeirra eftir því sem við á,
- lýsingu á framleiðsluferlinu. Birgjum hráefna eða efna skal lýst með lögheiti, framleiðslustað, samskiptaupplýsingum og lýsingu á framleiðsluþreppinu, eða -þreppunum, sem voru á þeirra vegum eða þeir eiga þátt í.

Heimilt er að samþykka upplýsingablaðið um vöruna, umhverfisyfirlýsingu um vöruna eða jafngilt skjal sem sönnun þess að farið sé að þessari viðmiðun að því tilskildu að tilgreindu upplýsingarnar komi fram.

Viðmiðun 2. Efniviðir, að meginhluta úr viði, korki og bambus

Þessi krafa gildir um efniviði úr viði, að meginhluta úr viði, korki, að meginhluta úr korki, bambus, að meginhluta úr bambus, sem eru meira en 1% af þyngd fullunnu vörunnar.

Engir efniviðir úr viði, að meginhluta úr viði, korki, að meginhluta úr korki, bambus, að meginhluta úr bambus skulu upprunnir úr erfðabreyttum lífverum og falla undir aðfangakeðjuvottorð sem gefin eru út af óháðu vottunarkerfi þriðja aðila, t.d. skógarntjaráðinu (FSC), áætlun um viðurkenningu á skógavottunarkerfinu (PEFC) eða jafngildu kerfi.

Allur viður, korkur og bambus sem er nýr skal hafa gild vottorð um sjálfbæra skógarstjórnun sem eru gefin út með óháðum vottunarkerfum þriðja aðila á borð við FSC, PEFC eða sambærilegum.

Ef vottunarkerfi heimilar blöndun á óvottuðum efniviði og vottuðum og/eða endurunnum efniviðum í vöru eða framleiðslulínu skal a.m.k. 70% af viðnum, korkinum og/eða bambusnum vera nýr efniviður með vottun um sjálfbærni og/eða endurunninn efniviður.

Óvottaður efniviður skal falla undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Vottunaraðilarnir sem gefa út vottorð fyrir skóga og/eða fyrir aðfangakeðju skulu faggiltir eða viðurkenndir með þessu vottunarkerfi.

⁽¹⁾ Viðskiptaheiti er öll heitin sem efnið er markaðsett undir innan Evrópusambandsmarkaðsins,

⁽²⁾ Íhlutur er sérhvert laganna í samsetningu gólfklæðninga sem hafa sértækt hlutverk vegna efniviðar þeirra, lags og ástands. Það nær yfir, til dæmis, slit- og rispupólna lagið, mynstur- eða spónalagið, undir- eða stöðgunarlagið og baklagið.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja samræmisýfirlýsingu fyrir þar til bærán aðila sem er studd með gildu aðfangakeðjuvottorði, vottuðu af óháðum aðilum, frá framleiðanda allra efniviðanna úr viði, að meginhluta úr viði, korki, að meginhluta úr korki, bambus, að meginhluta úr bambus sem eru notaðir í vöruna eða framleiðslulínuna og sýna fram á að ekkert af nýja efniviðnum sé upprunnið úr erfðabreyttum lífverum. Umsækjandi skal leggja fram endurskoðuð bókhaldsgögn sem sýna fram á að a.m.k. 70% af efniviðunum séu upprunnir úr skógum eða af svæðum sem er stjórnað samkvæmt meginreglum sjálfbærrar skógvörslu og/eða eigi uppruna sinn í endurvinnslu sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í viðkomandi, óháðu vottunarkerfi fyrir aðfangakeðju. FSC, PEFC eða sambærileg kerfi skulu tekin gild sem óháð vottun þriðja aðila.

Ef vara eða framleiðslulína inniheldur óvottaðan efnivið skal leggja fram sönnun fyrir því að óvottaður nýr efniviður sé innan við 30% og hann falli undir sannprófunarkerfi sem tryggir að uppruni hans sé löglegur og að allar aðrar kröfur vottunarkerfisins séu uppfylltar að því er varðar óvottaðan efnivið.

Viðmiðun 3. Almennar kröfur um hættuleg efni og blöndur

Tilvist efna í vörunni, og í öllum íhlutum hennar, sem hafa verið tilgreind skv. 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 sem sérlega varasöm efni, eða efna eða blandna, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun, merkingu og pökkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008⁽¹⁾, m.t.t. þeirrar hættu sem er tilgreind í töflu 3.1 í þessari ákvörðun, skal takmörkuð í samræmi við viðmiðanir 3 a og 3 b. Að því er varðar þessa viðmiðun er skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni og efnum sem eru hættuflokkuð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun, raðað saman í töflu 3.1 samkvæmt hættueiginleikum þeirra.

Tafla 3.1.

Flokkun takmarkandi hættuþátta**Hætta - 1. hópur — sérlega varasamt efni og samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun**

Hætta sem tilgreinir efni þannig að það tilheyrir 1. hóp:

- efni á skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni
- efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og/eða hefur eiturrhif á æxlun (CMR-efni), undirflokkur 1A eða 1B: H340, H350, H350i, H360, H360F, H360D, H360FD, H360Fd, H360Df

Hætta - 2. hópur — samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun

Hætta sem tilgreinir efni þannig að það tilheyrir 2. hóp:

- 2. undirflokkur, efni sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hefur eiturrhif á æxlun (CMR-efni): H341, H351, H361f, H361d, H361df, H362
- 1. undirflokkur, eiturrhif á vatnsumhverfi: H400, H410
- 1. og 2. undirflokkur, bráð eiturrhif: H300, H310, H330, H304
- 1. undirflokkur, eiturrhif við ásvelgingu: H304
- 1. undirflokkur, sértæk eiturrhif á marklíffæri (STOT): H370, H372
- 1. undirflokkur, húðnæmir: H317

Hætta - 3. hópur — samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun

Hætta sem tilgreinir efni þannig að það tilheyrir 3. hóp:

- 2., 3. og 4. undirflokkur, eiturrhif á vatnsumhverfi: H411, H412, H413
- 3. undirflokkur, bráð eiturrhif: H301, H311, H331, ESB-H070
- 2. undirflokkur, sértæk eiturrhif á marklíffæri (STOT): H371, H373

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtúð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

3.a. *Takmörkun vegna sérlega varasamra efna*

Hvorki varan né neinn íhlutur hennar skal innihalda sérlega varasöm efni í styrk sem nema meira en 0,10% (massahlutfall).

Engar undanþágur frá þessari kröfu skulu veittar vegna efna sem eru til staðar í vörunni, eða einhverjum íhluta hennar, í styrk sem er meiri en 0,10% (massahlutfall) og eru á skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal taka saman yfirlýsingar um að sérlega varasöm efni séu ekki til staðar í styrk sem er hærri en sértæku styrkleikamörkin fyrir vöruna og alla íhluti sem eru notaðir í vöruna. Yfirlýsingarnar skulu hafa tilvísun í nýjustu útgáfu skrár yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni sem Efnastofnun Evrópu birtir ⁽¹⁾.

3.b. *Takmörkun vegna efna eða blandna sem eru notuð í gólfklæðninguna og hafa flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008*

Framleiðandi gólfklæðningarinnar eða birgjar hans skulu ekki nota efni eða blöndur sem fá neina flokkun vegna hættuþátta samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem er tilgreind í töflu 3.1 við undirbúning hráefna, framleiðslu, samsetningu eða neina aðra meðhöndlun gólfklæðningarinnar. Með efnunum eða blöndunum sem sæta takmörkunum skulu teljast límefti, málning, grunnmálning, lökk, litir, resín, sæfivörur, fylliefni, vax, olíur, fylliefni í samskeyti, leysilitir og þéttiefni.

Þó skal leyfa notkun slíkra efna sem sæta takmörkunum ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum á við:

- efnið eða blandan sem sæta takmörkunum voru notuð í magni sem nemur minna en 0,10% af heildarþyngd gólfklæðningarinnar og allra íhluta hennar,
- eiginleikar efnisins sem sætir takmörkunum breytast við vinnslu (verður t.d. ekki lífaðgengilegt lengur eða verður fyrir efnahvörfum), þannig að takmörkunin vegna hættuþátta samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 á ekki lengur við, og ef allt innihald af óhvörfuðum leifum efnisins sem sætir takmörkunum er minna en 0,10% af heildarþyngd gólfklæðningarinnar og allra íhluta hennar.

Mat og sannprófun

Umsækjandi, og/eða birgjar hans, skal leggja yfirlýsingu um samræmi við viðmiðun 3.b fyrir þar til bærán aðila, ef við á, með skrá yfir viðkomandi efni eða blöndur sem eru notuð saman ásamt yfirlýsingu um hvort þau fái hættuflokkun eða ekki, í hvaða magni þeim er bætt við og, ef við á, tilgreina hvort eiginleikar efnanna eða blandanna breytast við vinnslu þannig að takmörkunin vegna hættuþátta samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eigi ekki lengur við. Í því tilviki skal leggja fram magn alls óhvarfaða efnisins sem sætir takmörkunum.

Hverju efni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar sem varða flokkun þess í hættuflokk eða ekki:

- i. Númer efnisins samkvæmt upplýsingaþjónustu um íðefni (CAS) ⁽²⁾, Evrópubandalaginu (EB) ⁽³⁾ eða öðrum skrá (eins og fyrirliggjandi er fyrir blöndur),
- ii. eðlisástandið og hamurinn sem efnið eða blandan eru notuð í,
- iii. samræmd hættuflokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun,
- iv. sjálfsflokkunarfræslur í gagnagrunni Efnastofnunar Evrópu um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH) ⁽⁴⁾ (ef samræmd flokkun er ekki fyrir hendi),
- v. flokkun blöndu samkvæmt viðmiðuninni sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

⁽¹⁾ Efnastofnun Evrópu, skrá yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni, til samþykkis, <http://www.echa.europa.eu/candidate-list-table>

⁽²⁾ CAS-skrá: <https://www.cas.org/content/chemical-substances>

⁽³⁾ EB-skrá: <http://echa.europa.eu/information-on-chemicals/cc-inventory>

⁽⁴⁾ Efnastofnun Evrópu, gagnagrunnur um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH): <http://www.echa.europa.eu/information-on-chemicals/registered-substances>.

Þegar hugað er að sjálfsflokunarfræslum í gagnagrunni um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH) skulu færslur úr sameiginlegri framlagningu njóta forgangs.

Ef flokkun er skráð með „gögn vantar“ eða „ófullnægjandi“ samkvæmt gagnagrunni um efni sem eru skráð samkvæmt efnareglugerðinni (REACH), eða þegar efnið hefur enn ekki verið skráð samkvæmt henni, skal leggja fram eiturefnafræðileg gögn, sem uppfylla kröfurnar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem nægja til að styðja endanlega sjálfsflokkun í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og stuðningsleiðbeiningar Efnastofnunar Evrópu. Ef um er að ræða gagnagrunnsfræslur með „gögn vantar“ eða „ófullnægjandi“ skal staðfesta sjálfsflokkun. Í því sambandi eru eftirfarandi upplýsingaveitur teknar gildar:

- i. eiturefnafræðilegar rannsóknir og hættumat af hálfu eftirlitsstofnana sem eru á sama stigi og Efnastofnun Evrópu ⁽¹⁾, eftirlitsstofnana aðildarríkja eða milliríkjastofnana,
- ii. öryggisblað, fyllt út til fulls í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,
- iii. skjalfest sérfræðiálit frá sérfræðingi í eiturefnafræði sem skal byggt á endurskoðun á birtum vísindaskrifum og fyrirliggjandi prófunargögnum, stutt, ef nauðsyn krefur, niðurstöðum úr nýjum prófunum sem óháðar rannsóknarstofur framkvæma með aðferðum sem Efnastofnun Evrópu samþykkir,
- iv. staðfesting, byggð á sérfræðiáliti eftir því sem við á, sem gefin er út af viðurkenndri samræmismatsstofu sem annast hættumat samkvæmt hnattsamræmda kerfinu um flokkun og merkingu iðefna eða kerfinu til hættuflokkunar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Upplýsingar um hættulega eiginleika efna má fá fram á annan hátt en með prófunum, t.d. með notkun staðgönguaðferða á borð við aðferðir í glasi, með líkönum af meginlegum tengslum byggingar og virkni eða með notkun ályktunar út frá efnaflokkum eða ályktunar út frá byggingarlega hliðstæðum efnum í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Viðmiðun 4. Sértaekar kröfur vegna efna

4.a. Aðskotaefni í endurunnum viði, korki og bambus

Allar endurunnar trefjar eða flísar sem eru notaðar við framleiðslu á gólfklæðningunni sem fullunninni vöru skulu prófaðar í samræmi við staðal EPF-staðalinn (European Panel Federation) ⁽²⁾ um afhendingarskilmála fyrir endurunninn við, eða annan, jafngildan staðal með jafnströngum eða strangari takmörkunum, og skulu vera í samræmi við mörk fyrir aðskotaefni eins og tilgreint er í töflu 4.1.

Tafla 4.1.

Mörk fyrir aðskotaefni í endurunnum viði, korki, bambus og trefjum þeirra eða flísum

Aðskotaefni	Viðmiðunarmörk	Aðskotaefni	Viðmiðunarmörk
Arsen (As)	25	Kvikasilfur (Hg)	25
Kadmíum (Cd)	50	Flúor (F)	100
Króm (Cr)	25	Klór (Cl)	1 000
Kopar (Cu)	40	Pentaklórófenól (PCP)	5
Blý (Pb)	90	Tjörulófur (bensó[a]pýren)	0,5

⁽¹⁾ Efnastofnun Evrópu, „Cooperation with peer regulatory agencies“, <http://echa.europa.eu/en/about-us/partners-and-networks/international-cooperation/cooperation-with-peer-regulatory-agencies>.

⁽²⁾ „EPF Standard for delivery conditions of recycled wood“, október 2002 á: <http://europanel.org/site/upload/57d9467eac5f3.pdf>

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja fyrir þar til bærán aðila:

- yfirlýsingu frá framleiðanda eða birgi borðanna, eins og við á, um að ekki hafi verið notaður endurunninn viður, korkur, bambus eða trefjar þeirra eða flísar í gólfklæðninguna eða
- yfirlýsingu frá framleiðanda eða birgi borðanna, eins og við á, um að dæmigerð sýni alls endurunnins viðar, korks, bambuss, eða trefja þeirra eða flísa, sem er notaður hafi verið prófuð í samræmi við EPF-staðalinn um afhendingarskilmála fyrir endurunninn við, eða aðra jafngilda staðla með jafngild eða strangari mörk, sem er studd með prófunarskýrslum þar sem sýnt er fram á að endurvinnslusýnin séu í samræmi við mörkin sem eru tilgreind í töflu 4.1.

4. b. Sæfivörur

Ekki skal heimilt að meðhöndla við, kork og/eða bambus í gólfklæðningum með sæfivörum.

Ekki skal heimila eftirfarandi virk efni í rotvarnarefni fyrir vörur í flátum fyrir blöndur sem eru að stofni til úr vatni, t.d. límefni eða lakkmalningu:

- blöndu (3:1) klórómetylísóbíásólínóns og metýlísóbíásólínóns (CMIT/MIT CAS-nr. 55965-84-9) í styrk sem er meiri en 15 milljónarhlutar,
- metýlísóbíásólínón við styrk sem er meiri en 200 milljónarhlutar,
- önnur ísóbíásólínón við styrk sem er meiri en 500 milljónarhlutar.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja fyrir þar til bærán aðila yfirlýsingu um að sæfivörur séu ekki notaðar eða, ef við á, yfirlýsingu sem er studd með öryggisblaði frá birgi blandnanna, sem eru að stofni til úr vatni, þar sem fram kemur hvaða virku efni hafi verið notuð sem rotvarnarefni fyrir vörur í flátum fyrir blöndurnar sem eru að stofni til úr vatni.

4.c Þungmálmar í málningu, grunnmálningu og lakki

Engin málning, grunnmálning eða lökk, sem eru notuð á efnivið úr viði, að meginhluta úr viði, korki, að meginhluta úr korki, bambus, að meginhluta úr bambus skulu innihalda efni sem eru að stofni til úr eftirfarandi málum: kadmíum, blý, sexgilt króm, kvikasilfur, arsen eða selen í styrk sem fer yfir 0,010% (massahlutfall), fyrir hvern einstakan málm, í fláti af málningu, grunnmálningu eða lakksamsetningu.

Mat og sannprófun

Umsækjandi eða birgir hans, eins og við á, skal leggja yfirlýsingu fyrir þar til bærán aðila um samræmi við þessa viðmiðun og leggja fram öryggisblöð, eftir því sem við á, frá birgjum málningar, grunnmálningar og lakks sem notað er.

4.d Innihald rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í yfirborðsmeðferð

Yfirborðsmeðferðarvörur sem eru notaðar á efnivið úr viði, að meginhluta úr viði, korki, að meginhluta úr korki, bambus eða að meginhluta úr bambus skulu hafa annað af eftirfarandi:

- heildarinnihald rokgjarnra lífrænna efnasambanda sem er minna en eða jafnt og 5% af massahlutfalli (styrkur efnis í fláti),
- heildarinnihald rokgjarnra, lífrænna efnasambanda sem er meira en 5% massahlutfall, að því tilskildu að sýnt sé fram á að þau séu borin á í magni sem er minna en 10 g/m² af meðhöndlaða yfirborðsfletinum.

Viðmiðunin miðast við rokgjörnu, lífrænu efnasamböndin í heild sinni í yfirborðsmeðferðarvörum í þeirri efnasamsetningu sem þær hafa í blautu formi. Ef þarf að þynna vörurnar fyrir notkun er útreikningurinn byggður á innihaldinu í þynntu vörinni.

Að því er varðar þessa viðmiðun merkir lífrænt rokefni rokgjarnt, lífrænt efnasamband eins og það er skilgreint í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/42/EB.

Þessi viðmiðun gildir ekki um blöndur sem eru notaðar til viðgerða (t.d. á kvistum, sprungum, dældum o.s.frv.) meðan á framleiðsluferlinu stendur.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun fyrir þar til bæra aðilann, sem er studd með öryggisblaði fyrir öll yfirborðsmeðferðarefni eða -blöndur sem eru notaðar á efniviði úr viði, að meginhluta úr viði, korki, að meginhluta úr korki, bambus og/eða að meginhluta úr bambus. Ef það kemur fram á öryggisblöðunum að innihald rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í yfirborðsmeðferðarefnunum eða -blöndunum er minna eða jafnt og 5% massahlutfall er frekari sannprófun ekki nauðsynleg.

Ef innihald rokgjörnu, lífrænu efnasambandanna kemur ekki fram á öryggisblaðinu skal reikna innihald þeirra út samkvæmt skránni yfir efnin í yfirborðsmeðferðarblöndunni. Styrkur hvers rokgjarns, lífræns efnasamband skal settur fram sem hundraðshlutar af þyngd.

Ef innihald rokgjarnra, lífrænna efnasambanda er meira en 5% af massahlutfalli skal umsækjandinn þess í stað leggja fram útreikning sem sýnir fram á að raunverulegt magn rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sem eru borin á m^2 af meðhöndlaða yfirborðsflétinum á gólfklæðningunni, sé minna en 10 g/m^2 , í samræmi við leiðbeiningarnar í I. viðbæti.

4.e *Innihald rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í öðrum efnum og blöndum sem eru notuð*

Innihald rokgjarnra, lífrænna efnasambanda skal vera minna en:

- 3% massahlutfall í ílátum af bæði límeffnum og resínum sem eru notuð við framleiðslu á gólfklæðningum,
- 1% massahlutfall annarra efna, fyrir utan límeffni, resín og yfirborðsmeðferðarefni í ílátum (viðmiðun 4.d) sem eru notuð við framleiðslu á gólfklæðningunum.

Óbundið formaldehyð í fljótandi amínóplastresínum sem eru notuð við framleiðsluna á gólfklæðningunum skal vera minna en 0,2% massahlutfall.

Viðmiðunin miðast við rokgjörnu, lífrænu efnasamböndin í heild sinni í efnunum í efnasamsetningunni sem þau hafa í blautu formi. Ef þarf að þynna blöndurnar fyrir notkun er útreikningurinn byggður á innihaldinu í þynntu vörinni.

Að því er varðar þessa viðmiðun merkir lífrænt rokefni rokgjarnt, lífrænt efnasamband eins og það er skilgreint í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2004/42/EB.

Þessi viðmiðun gildir ekki um blöndur sem eru notaðar til viðgerða (t.d. á kvistum, sprungum, dældum o.s.frv.) meðan á framleiðsluferlinu stendur.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja yfirlýsingu um samræmi við viðmiðunina fyrir þar til bæra aðilann, sem er studd með öryggisblaði fyrir öll límeffni, resín eða önnur efni í ílátum sem eru notuð, eða jafngild gögn sem styðja samræmisyfirlýsinguna, ásamt heildarforskrift með tilteknu magni og CAS-nr.

Ef það kemur fram á öryggisblaðinu að innihald rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í límeffni og resíni í ílátum, sem eru notuð, sé minna en 3% massahlutfall eða minna en 1% af massahlutfalli annarra efna sem eru notuð er frekari sannprófun ekki nauðsynleg.

Ef innihald rokgjörnu, lífrænu efnasambandanna kemur ekki fram á öryggisblaðinu skal reikna innihald þeirra út samkvæmt skránni yfir efnin. Styrkur hvers rokgjarns, lífræns efnasamband skal settur fram sem hundraðshlutar af þyngd.

Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem sýna fram á að innihaldið af óbundnu formaldehyði í fljótandi amínóplastresínum sé minna en 0,2% massahlutfall í samræmi við staðalinn EN 1243.

4.f *Mýkiefni*

Ekkert límefni, resín eða yfirborðsmeðferðarefni eða -blanda skal innihalda nein af þalatmýkiefnunum sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Slík þalöt skulu teljast ekki vera fyrir hendi ef heildarsumma skráðu þalatanna nemur minna en 0,10% af þyngd límefnisins, resínsins eða yfirborðsmeðferðarefnisins eða -blöndunnar (1000 mg/kg).

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja fyrir þar til bærar aðila annað af eftirfarandi:

- yfirlýsingu um samræmi við viðmiðunina frá birginum eða framleiðanda gólfklæðningarinnar þar sem fram kemur að þalatmýkiefni hafi ekki verið notuð eða
- yfirlýsingu um samræmi við viðmiðunina frá birginum eða framleiðanda gólfklæðningarinnar þar sem fram kemur að þalatmýkiefni hafi verið notuð og að ekkert af þalötunum, sem uppfylla viðmiðanir 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, hafi verið notuð í límefnið, resínið eða yfirborðsmeðferðarefnið eða -blönduna. Ef viðeigandi yfirlýsing er ekki fyrir hendi skulu límefni, resín eða yfirborðsmeðferðarefni eða -blöndur prófuð til að greina hvort þessi þalöt séu fyrir hendi í þeim í samræmi við staðalinn ISO 8214-6.

4.g *Halógenuð lífræn efnasambönd*

Ekki skal heimilt að halógenuð lífræn efnasambönd séu í efnunum sem eru notuð við framleiðslu gólfklæðninga (t.d. sem bindiefni, límefni, yfirborðsmeðferðarefni o.s.frv.).

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja samræmisyfirlýsingu fyrir þar til bæra aðilann sem er studd með yfirlýsingu frá framleiðanda efnanna um að ekki séu notuð halógenuð lífræn efnasambönd. Auk þess skal leggja fram viðkomandi öryggisblöð fyrir efnin.

4.h *Eldtefjandi efni*

Ekki skal heimila eldtefjandi efni í efnunum sem eru notuð við framleiðsluna á gólfklæðningum.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja samræmisyfirlýsingu fyrir þar til bæra aðilann sem er studd með yfirlýsingu frá framleiðanda efnanna um að ekki séu notuð eldtefjandi efni. Auk þess skal leggja fram viðkomandi öryggisblöð fyrir efnin.

4.i *Asiridín og pólýasiridín*

Ekki skal heimilt að asiridín og pólýasiridín séu í efnunum sem eru notuð við framleiðslu gólfklæðninga (t.d. sem yfirborðsmeðferð, yfirborðsmeðferðarefni o.s.frv.).

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja samræmisyfirlýsingu fyrir þar til bæra aðilann sem er studd með yfirlýsingu frá framleiðanda efnanna um að ekki séu notuð asiridín og pólýasiridín. Auk þess skal leggja fram viðkomandi öryggisblöð fyrir efnin.

Viðmiðun 5. Orkunotkun við framleiðsluferlið

Reikna skal út árlega meðalorkunotkun meðan á framleiðslu gólfklæðninganna stendur, eins og vísað er til í töflu 5.1 og II. viðbæti, og skal hún vera hærri en eftirfarandi mörk (E-stig):

Vara	E-stig
Gegnheilt timburgólfefni	> 11,0
Marglaga timburgólfefni Timburspónagólfklæðning Gólfklæðningar úr korki og korkflísum Gólfklæðningar úr bambus Samlímd gólfefni	> 8,0

Tafla 5.1.

Útreikningur á E-stigunum

Formúla		Umhverfislegur mæliþáttur	Hámarkskröfur
$E = \frac{A}{20} + \left(5 - \frac{B}{3}\right) + \left(5 - \frac{C}{7}\right)$	A	Hlutfall endurnýjanlegrar orku í árlegu heildarnotkuninni	%
	B	Árleg raforkukaup	kWh/m ²
	C	Árleg eldsneytisnotkun	kWh/m ²
			— 15 kWh/m ² 35 kWh/m ²

Þar sem A = hlutfallið milli orkunnar úr endurnýjanlegum orkugjöfum og heildarorkunnar.

Teljari A hlutfallsins skal vera keyptu eldsneytin úr endurnýjanlegum orkugjafa sem (eldsneytismagn × staðalgildi) plús varminn sem myndast á vettvangi frá eldsneyti sem er ekki úr endurnýjanlegum orkugjafa, plús 2,5 × rafmagn sem myndast á vettvangi með eldsneyti sem er ekki úr endurnýjanlegum orkugjafa og plús 2,5 × keypt eldsneyti úr endurnýjanlegum orkugjafa.

Nefnari A hlutfallsins skal vera keyptu eldsneytin úr endurnýjanlegum orkugjafa sem (eldsneytismagn × staðalgildi) plús keyptu eldsneytin úr orkugjafa sem er ekki endurnýjanlegur (eldsneytismagn × staðalgildi) plús varminn sem myndast á vettvangi frá eldsneyti sem er ekki úr endurnýjanlegum orkugjafa, plús 2,5 × rafmagn sem myndast á vettvangi með eldsneyti sem er ekki úr endurnýjanlegum orkugjafa plús 2,5 × keypt rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjafa og plús 2,5 × keypt eldsneyti úr orkugjafa sem er ekki endurnýjanlegur.

B = Árleg raforkukaup er summa rafmagnsins sem er keypt frá utanaðkomandi birgi. Ef keypta rafmagnið er rafmagn frá endurnýjanlegum orkugjafa skal nota stuðulinn 0,8.

C = Árleg eldsneytisnotkun er summa allra eldsneyta sem eru keypt eða fást sem aukaafurðir við framleiðsluna á gólfefnunum og notuð til að mynda orku á vettvangi.

E-stig skulu reiknuð út á m² af framleiddum gólfefnum og gera grein fyrir beinni orkunotkun við framleiðslu gólfefnanna. Óbein orkunotkun er ekki tekin með.

Eftirfarandi er viðmiðunarskrá yfir starfsemi sem skal tekin með og ekki tekin með við útreikningana á orkunotkuninni. Starfsemin skal hefjast við móttöku felldu trjáanna (trjábolanna), korksins og bambussins á starfsstöð framleiðandans, eða birgja hans, og ná að lokum framleiðsluferlisins.

Vara	Skilyrði vegna rafmagns- og eldsneytisnotkunar (viðmiðunarskrá)	
	Tekið með	Ekki tekið með
Gegnheilt timburgólfefni	<ul style="list-style-type: none"> — þurrkun, mólum og sögun — tilskurður í stærðir og snyrting — pússun — yfirborðsmeðferðarefni — pökkun — og allar aðrar aðgerðir sem þarf við framleiðsluna 	<ul style="list-style-type: none"> — framleiðsla á lakki eða annarri efnablöndu í ílát — orka notuð við gæðaeftirlitsstarfsemi — óbein orkunotkun (þ.e. hitun, lýsing, flutningar innan svæðis o.s.frv.).
Marglaga timburgólfefni	<ul style="list-style-type: none"> — þurrkun, mólum og sögun — tilskurður í stærðir og snyrting — pússun — pressun — yfirborðsmeðferðarefni — pökkun — og allar aðrar aðgerðir sem þarf við framleiðsluna 	
Gólfefni úr korki og korkflísum	<ul style="list-style-type: none"> — þurrkun, mólum og sögun — tilskurður í stærðir og snyrting — pússun — pressun — framleiðsla burðarplötunnar, ef hún er notuð í uppbygginguna — yfirborðsmeðferðarefni — pökkun — og allar aðrar aðgerðir sem þarf við framleiðsluna 	
Gólfklæðningar úr bambus		
Samlímd gólfefni	<ul style="list-style-type: none"> — framleiðsla burðarplötunnar — gegndreyppingarferli vegna skreytingarinnar, yfirborðsins og bakpappírsins — pressun — tilskurður í stærðir — pökkun — og allar aðrar aðgerðir sem þarf við framleiðsluna 	

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal lýsa yfir og sýna fram á:

- hvaða gerð og magn af rafmagni hefur verið keypt, að ársmeðaltali, frá utanaðkomandi birgi. Hafi verið keypt rafmagn frá endurnýjanlegum orkugjafa skal leggja fram upprunaábyrgðir í samræmi við tilskipun 2009/28/EB. Gildi tilskipun 2009/28/EB ekki í landinu þar sem gólfefnið er framleitt skal leggja fram jafngilda sönnun,
- hvaða gerð(ir) eldsneytis og hvert magnið er sem hefur verið notað við framleiðslu gólfefnanna með samningum, reikningum eða jafngildum skjölum sem fela í sér dagsetningar, afhent eða keypt magn og forskrift eldsneytisins (t.d. eðlis-/efnafræðilegir eiginleikar, lægra varmagildi (LHV) o.s.frv.). Fylgja skal yfirlýsing um hver eldsneytanna eru úr endurnýjanlegum orkugjafa í samræmi við tilskipun 2009/28/EB,
- orkumagnið sem hefur verið notað í framleiðsluskrefunum sem eru tekin með í útreikningnum á E-stigunum ásamt fylgiskjölum (t.d. orkumælingar á mismunandi framleiðsluskrefum, orkunotkun búnaðarins eins og greint er frá í upplýsingablaði vörunnar o.s.frv.),
- gerð og magn orkunnar sem hefur verið seld. Útreikningarnir skulu fela í sér gerð og magn eldsneytanna sem voru notuð til að mynda orkuna sem var seld, ef einhver var, dagsetningarnar og tímabilin sem hún var mynduð og dagsetningar sölunnar,
- yfirlýsing um árlegt meðalmagn framleiðslu á gólfefni sem sótt er um umhverfismerki ESB fyrir (í m²).

Nota má skjölin sem veita upplýsingar um orkunotkunina, eldsneytiskaupin og orkumyndunina, sem og skjölin sem veita landsbundnum yfirvöldum upplýsingar um gólfefnaframleiðsluna, til þess að sýna fram á að farið sé að þessari viðmiðun.

Viðmiðun 6. Losun rokgjarns, lífræns efnasambands úr gólfklæðningum

Losunargildi fyrir gólfklæðningarnar, mæld í prófunarklefa í samræmi við prófunarstaðalinn CEN/TS16516, skulu ekki fara yfir þau sem eru skráð í töflu 6.1. Við þökkun og afhendingu sýna, sem eru send til prófunar, meðhöndlun þeirra og meðferð, skal fylgja verklagsreglunum sem lýst er í CEN/TS 16516.

Tafla 6.1.

Kröfur vegna losunar

Vörur	Kröfur vegna losunar	
	Efnasamband	Viðmiðunarmörk eftir 28 daga geymslu í loftræstum prófunarklefa (sjá CEN/TS16516) í mg/m ³ af lofti ^(d)
Gegnheil timburgólfefni Marglaga timburgólfefni Timburspónagólfklæðning	Lífræn rokefni (VOC) í heild sinni, fyrir utan ediksýru (CAS 64-19-7)	< 0,3
Gólfklæðningar úr korki Gólfklæðningar úr bambus	Lífræn rokefni (VOC) í heild sinni	
Samlímd gólfefni	Lífræn rokefni (VOC) í heild sinni	< 0,16
Allar gólfklæðningar	Hálfrokgjarnt, lífrænt efnasamband (SVOC) í heild sinni	< 0,1
Gegnheil timburgólfefni Marglaga timburgólfefni Timburspónagólfklæðning	R-gildi fyrir efni á lista yfir lægsta styrk sem skiptir máli (LCI) fyrir utan ediksýru (CAS 64-19-7)	≤ 1

Vörur	Kröfur vegna losunar	
	Efnasamband	Viðmiðunarmörk eftir 28 daga geymslu í loftræstum prófunarklefa (sjá CEN/TS16516) í mg/m ³ af lofti ^(d)
Gólfklæðningar úr korki Gólfklæðningar úr bambus Samlímd gólfefni	R-gildi fyrir LCI-efni	≤ 1
Allar gólfklæðningar	Krabbameinsvaldandi efni	< 0,001

^(d) Klefaprófunin þarf að fara fram 28 dögum eftir lok yfirborðsmeðferðarinnar. Þangað til er varan sem prófa á geymd í þéttri þakningu á framleiðslustaðnum og farið með hana þannig á prófunarstofuna.

Að því er varðar þessa viðmiðun merkir lífrænt rokefni sérhvert rokjarnt, lífrænt efnasamband sem skolast út í gasgreiningarsúlu á milli n-hexans og n-hexadekans, og að þeim meðtöldum, með suðumark sem er u.þ.b. á bilinu 68 °C til 287 °C, ef mælingin er gerð í hárpúsusúlu sem er húðuð með 5% fenýlpólýsílóxani og 95% metýlpólýsílóxani.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja samræmisýfirlýsingu fyrir þar til bærán aðila, sem er studd með prófunarskýrslunum um klefaprófanir sem voru gerðar í samræmi við CEN/TS16516 eða jafngilda aðferð, sem sýnir að farið er að mörkunum í töflu 6.1. Prófunarskýrslur skulu fela í sér:

- hvaða prófunaraðferð var notuð,
- niðurstöðurnar úr prófununum og nauðsynlega útreikninga sem sýna mörkin í töflu 6.1.

Ef styrkleikamörkin í klefa sem eru tilgreind fyrir 28 daga nást þremur dögum eftir að sýninu er komið fyrir í klefanum, eða á einhverju öðru tímabili frá 3. til 27. dags eftir að sýninu er komið fyrir í klefanum, er hægt að lýsa því yfir að kröfunum sé fylgt og hætta prófuninni snemma.

Prófunargögn, sem eru allt að því 12 mánuðum eldri en umsóknin um umhverfismerki ESB, skulu vera gild fyrir vörur svo fremi að engar breytingar hafi verið gerðar á framleiðsluferlinu eða samsetningu iðefnanna sem eru notuð sem gætu talist auka losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda úr fullunnu vörunni.

Einnig má nota gilt skírteini frá viðeigandi innanhússloftskilyrðamerkjum (e. *indoor climate labels*) sem sönnun fyrir hlítingu ef loftskilyrðamerkið uppfyllir kröfurnar í þessari viðmiðun og ef til þess bæri aðilinn metur svo að það sé jafngilt.

Viðmiðun 7. Losun formaldehýðs úr gólfklæðningunum og burðarplötunni

Gólfklæðningar, sem er framleiddar með notkun burðarplatna, límeftna, resína eða áferðar- og frágangseftna, að stofni til úr formaldehýði, og, ef þær eru notaðar, ómeðhöndlaðar burðarplötur, sem eru framleiddar með notkun límeftna eða resína að grunni til úr formaldehýði, skulu hafa eitt af eftirfarandi:

- formaldehýðlosun sem er minni en 50% af viðmiðunargildinu sem gerir kleift að flokka þær sem E1, eins og skilgreint er í B. viðauka við EN 13986+A1 (gildir um allar gólfklæðningar og burðarplötur sem eru ekki meðalþéttar trefjaplötur (MDF)/ekki mjög þéttar trefjaplötur (HDF)),
- formaldehýðlosun sem er minni en 65% af E1 viðmiðunargildinu, eins og skilgreint er í B. viðauka við EN 13986+A1, sem á við ómeðhöndlaðar MDF/HDF-burðarplötur,
- formaldehýðlosun sem er minni en mörkin sem eru sett fram í „California Air Resources Board (CARB) Phase II“ eða japönsku stöðlunum „F-3 star“ eða „F-4 star“.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun fyrir þar til bærán aðila. Mat og sannprófun á gólfklæðningum og burðarplötum sem losa lítið formaldehýð skulu vera mismunandi eftir því hvaða vottunarkerfi þær falla undir. Sannprófunarskjölunum, sem krafist er fyrir hvert kerfi, er lýst í töflu 7.1.

Tafla 7.1.

Sannprófunarskjöl vegna gólfklæðninga sem losa lítið formaldehýð

Vottunarkerfi	Mat og sannprófun
E1 (eins og skilgreint er í viðauka B við EN 13986+A1)	Yfirlýsing frá framleiðandanum og birgi burðarplötunnar, ef við á, þar sem fram kemur að gólfklæðningin og ómeðhöndluðu burðarplötunnar, sem eru ekki MDF/ekki HDF, uppfylli losunarmörkin 50% af E1, eins og skilgreint er í B. viðauka við EN 13986+A1 ⁽¹⁾ , sem er studd með skýrslum um prófanir sem eru gerðar samkvæmt annaðhvort EN 120, EN 717-2 eða EN 717-1 eða jafngildri aðferð.
CARB: Phase II-mörk	Yfirlýsing frá framleiðandanum og birgi burðarplötunnar, ef við á, sem er studd með niðurstöðum úr prófunum sem eru gerðar samkvæmt ASTM E1333 eða ASTM D6007, þar sem sýnt er fram á að farið er að losunarmörkum fyrir formaldehýð samkvæmt „Phase II“, eins og skilgreint er í „California Composite Wood Products Regulation 93120“, vegna gólfklæðninga ⁽²⁾ . Heimilt er að merkja gólfklæðninguna og burðarplötuna í samræmi við lið 93120.3(e) með upplýsingum um heiti framleiðanda, númeri framleiðslueiningar eða framleiddrar lotu og CARB-númeri sem þriðja aðila, sem vottar, hefur verið úthlutað (þessi hluti er ekki skyldubundinn ef vörurnar eru seldar utan Kaliforníu eða ef þær voru búnar til án þess að nota formaldehýð eða með því að nota tiltekin resín, að stofni til úr formaldehýði, sem losa sérlega lítið).
F-3 eða 4 star-takmarkanir	Yfirlýsing frá framleiðandanum og birgi burðarplötunnar, ef við á, um að farið sé að losunarmörkum fyrir formaldehýð samkvæmt JIS A 5905 (fyrir trefjaplötur) eða JIS A 5908:2003 (fyrir spónaplötur og krossvið), sem er studd með prófunargögnum samkvæmt þurrkaskaðferðinni JIS A 1460.

⁽¹⁾ Kröfurnar gilda um gólfklæðningar með rakainnihaldið $H = 6,5\%$.

⁽²⁾ Reglugerð 93120 „Airborne toxic control measure to reduce formaldehyde emissions from composite wood products“ California Code of Regulations.

Viðmiðun 8. Notagildi

Aðeins þarf að uppfylla kröfurnar sem tengjast hinni tilteknu gerð gólfefna.

Gerðar skulu prófanir á gólfklæðningunum og þær flokkaðar í samræmi við nýjustu útgáfur af stöðlunum og tilvísununum sem eru í töflu 8.1.

Tafla 8.1.

Staðlar um prófanir og flokkun á gólfklæðningunum

Gólfefni	Prófunaraðferð	Flokkun
Timburspónagólfklæðning ⁽¹⁾	EN 1534 fyrir viðnám við dældun EN 13329 fyrir þykkt þrútnunar Viðeigandi prófunaraðferð vegna höggþols ⁽²⁾ Viðeigandi prófunaraðferð vegna slitþols ⁽²⁾ ISO 24334 fyrir samlæsingarstyrk (e. <i>locking strength</i>)	EN ISO 10874 ^(a)

Gólfefni	Prófunaraðferð	Flokkun
Gegnheil og marglaga timburgólfefni með lakki frá verksmiðju	Þykkt efsta lagsins Harka viðarins í yfirborðslaginu ^(b)	EN 685 ^(b) CTBA
Gegnheil timburgólfefni og marglaga timburgólfefni án yfirborðsmeðferðar-efnis, með olíu frá verksmiðju		
Gólfefni úr korkflísum	EN 12104	EN ISO 10874
Gólfklæðningar úr korki	EN 660-1 fyrir slithóp EN 425 fyrir stól á hjólum EN 425 fyrir hermun á hreyfingu húsgagnsfótar ISO 24343-1 fyrir dældun sem eftir verður	
Gólfklæðningar úr bambus	EN 1534 fyrir viðnám við dældun EN 13696 fyrir þykkt efsta lags eða slitlags	—
Samlímt gólfefni	EN 13329 EN 14978 EN 15468	EN ISO 10874

⁽¹⁾ Timburspónagólfklæðning er stíf gólfklæðning sem er samsett úr undirlagi úr plötu, sem er unnin úr viði, með efsta lagi úr timburspónum og mögulega með baki.

⁽²⁾ Að því er varðar hlítungu, mælingar og útreikninga skal nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæli- og útreikningsaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðir staðlar sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þær skulu uppfylla tæknilegar skilgreiningar, skilyrði og mælipætti sem lýst er í notendahandbókinni fyrir viðmiðanirnar.

^(a) Prófunaraðferðin sem er notuð til að mæla slitstyrkinn skal gefin upp, sem og þykkt efsta lagsins, ef við á.

^(b) Flokkun viðartegunda að því er varðar hörku viðarins og samsvörun milli notkunarflokka í EN 685 og þykkt efsta slitlagsins viðartegundanna má finna í „CTBA Revetments interiors Parquet 71.01“.

Gólfklæðningar skulu ná a.m.k:

Gólfefni	Mörk
Timburspónagólfefni	— notkunarstig 23. flokks fyrir gólfefni sem eru ætluð til einkanota — notkunarstig 32. flokks fyrir gólfefni sem eru ætluð til nota í viðskiptalegum tilgangi.
Gegnheil og marglaga timburgólfefni með lakki frá verksmiðju	— notkunarstig 23. flokks fyrir gólfefni sem eru ætluð til einkanota og nota í viðskiptalegum tilgangi
Gegnheil timburgólfefni og marglaga timburgólfefni án yfirborðsmeðferðar-efnis, með olíu frá verksmiðju	

Gólfefni	Mörk
Gólfefni úr korkflísum	— notkunarstig 23. flokks fyrir gólfefni sem eru ætluð til einkanota
Gólfklæðningar úr korki	— notkunarstig 32. flokks fyrir gólfefni sem eru ætluð til nota í viðskiptalegum tilgangi.
Gólfklæðningar úr bambus	— Rakainnihaldsjafnvægi: 8% við 20 °C og 50% rakastig — Viðnám við dældun: ≥ 4 kg/mm ² fyrir gólfklæðningar pressaðar lóð- eða lárétt ≥ 9,5 kg/mm ² fyrir gólfklæðningar af háþéttleika
Samlímt gólfefni	— notkunarstig 23. flokks fyrir gólfefni sem eru ætluð til einkanota — notkunarstig 32. flokks fyrir gólfefni sem eru ætluð til nota í viðskiptalegum tilgangi.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja yfirlýsingu um samræmi við viðmiðunina fyrir þar til bærán aðila. Yfirlýsingin skal studd með prófunarskýrslum sem skulu innihalda:

- tegund gólfefnis,
- prófunaraðferðina, eða prófunaraðferðirnar, sem er valin,
- niðurstöðurnar úr prófuninni og flokkunina á gólfefninu samkvæmt niðurstöðunum og viðkomandi staðli, ef við á.

Ef gólfklæðning var prófuð samkvæmt annari prófunaraðferð en tilgreind er hér á undan getur það verið ásættanlegt ef prófunaraðferðirnar eru sambærilegar að áliti þar til bærás aðila.

Viðmiðun 9. Möguleiki á viðgerðum og framlengd ábyrgð

Aðeins þarf að uppfylla kröfurnar sem tengjast hinni tilteknu gerð gólfefna.

Að því er varðar viðgerðir og að skipta út slitnum hlutum skal gólfklæðningin uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Möguleiki á viðgerðum: Upplýsingar skulu hafðar með í leiðbeiningum fyrir neytendur eða á vefsetri framleiðandans og aðgengilegar notendunum og þeim sem annast lagningu.
 - a) Hönnun með hliðsjón af viðgerðum og viðgerðaskjal: Að því er varðar gólfklæðningar sem eru ekki límdar niður skal gólfefnið hannað til sundurhlutunar með það fyrir augum að auðvelda viðgerðir, endurnotkun og endurvinnslu. Láta skal í té einfaldar leiðbeiningar með myndum varðandi sundurhlutun og útskipti á skemmdum þáttum. Það skal unnt að taka í sundur og skipta út hlutum með algengum og einföldum handverkfærum. Veita skal upplýsingar/ráðleggingar um að eiga til aukahluti í gólfklæðningu ef til viðgerðar kemur.
- Framlengd ábyrgð á vöru:
 - b) Umsækjandi skal veita, án viðbótarkostnaðar, a.m.k. fimm ára ábyrgð, sem gildir frá afhendingardegi vörunnar. Þessi ábyrgð skal veitt án þess að það hafi áhrif á lagalegar skuldbindingar framleiðanda og seljanda samkvæmt landslögum.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja samræmisyfirlýsingu fyrir þar til bærán aðila, sem er studd með:

- afriti af viðgerðaskjalinu eða sérhverju öðru efni sem veitir upplýsingarnar um hönnun með hliðsjón af viðgerðum,
- afriti af ábyrgðaryfirlýsingunni sem tilgreinir skilmála og skilyrði framlengdu ábyrgðarinnar sem eru tiltekin í upplýsingaskjali fyrir neytendur og sem uppfyllir lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í þessari viðmiðun.

Viðmiðun 10. Neytendaupplýsingar

Varan skal seld með viðkomandi neytendaupplýsingum á pakkningunni eða sérhverjum öðrum gögnum sem fylgja vörunni. Aðeins þarf að uppfylla kröfurnar sem tengjast hinni tilteknu gerð gólfefna.

Leiðbeiningar sem tengjast eftirfarandi þáttum skulu vera læsilegar og veittar á tungumáli landsins sem varan er sett á markað í og/eða innihalda myndrænar útfærslur eða tákmyndir:

- Upplýsingar um undirhópinn sem varan tilheyrir (gegnheil eða marglaga timburgólfefni, korkgólfefni, gólfefni úr korkflísum, bambusgólfefni, samlímd gólfefni o.s.frv.), magn viðar-, kork- eða bambusefniviðar í fullunni vörunni í hundraðshlutfalli af þyngd og hvort þörf er á yfirborðsmeðferð hjá notanda.
- Ráðleggingar um lagninguna: Allar upplýsingar sem skipta máli og vísa í bestu starfsvenjur í umhverfismálum vegna lagningar skulu hafðar með:
 - mælt er með fljótandi lagningu ef þess er kostur. Tilgreina skal nauðsynlegan undirbúning undirliggjandi yfirborðs og hjálparefnanna sem þarf,
 - ef mælt er með lagningu með niðurlímingu vegna möguleika á lengri endingu skal fylgja með ráðlegging um að nota límfefni/lím sem er með vottun um umhverfismerki af gerð I eða límfefni með lítilli losun sem uppfyllir merkingu með EMICODE EC1 eða jafngilt,
 - leiðbeiningar um samsetningu og sundurhlutun með myndum samkvæmt kröfunum í viðmiðun 9 a (ef við á).
- Ráðleggingar um yfirborðsmeðferð fyrir gólfklæðningar og -efni án yfirborðsmeðferðarefnis sem þurfa olíuborið yfirborð:
 - upplýsingar sem skipta máli um gerð og magn nauðsynlegra yfirborðsmeðferðarvara (t.d. olíu eða lakk) til að ná fyrirhugaðri endingu,
 - upplýsingar sem skipta máli um yfirborðsmeðferð gólfefnanna með yfirborðsmeðferðarvöru með lítilli losun, í samræmi við tilskipun 2004/42/EC,
 - upplýsingar um hvernig má framlengja endingartíma gólfefnisins með að gera það upp, t.d. með pússun og yfirborðsmeðferð.
- Ráðleggingar um notkun vörunnar, þrif og viðhald á henni:
 - upplýsingar sem skipta máli vegna venjubundinna þrifa skulu fylgja, ef það á við um gerð gólfklæðningarinnar, og minnst á hreingerningavörur með umhverfismerki af gerð I,
 - leiðbeiningar um viðhald, þ.m.t. vörur til viðhalds og vörur vegna viðgerða eða djúphreinsunar. Ef það er mögulegt skal mælt með vörum sem hafa umhverfismerki af gerð I,
 - skýr yfirlýsing um notkunarsvæði gólfefnisins og yfirlýsing um samræmi við viðkomandi EN-staðla fyrir vöruna, eins og um getur í viðmiðun 8.
- Upplýsingar sem tengjast möguleika á viðgerðum:
 - skýr yfirlýsing um að mælt sé með útvegum varahluta, samkvæmt kröfunum í viðmiðun 9 a,
 - viðeigandi upplýsingar sem varða skilmála og skilyrði ábyrgðar á vörunni samkvæmt kröfunum í viðmiðun 9 b.
- Upplýsingar sem tengjast lokum endingartíma vörunnar:

Neytandanum skal látin í té ítarleg lýsing á því hvernig best er að farga vörunni (þ.e. endurnotkun, endurvinnsla, endurnýting orku o.s.frv.), flokkað eftir áhrifum á umhverfið.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja yfirlýsingu um samræmi við viðmiðunina fyrir þar til bærán aðila, sem er studd með afriti af upplýsingaskjali fyrir neytendur sem skal látið í té með vörunni. Í afritinu skal koma fram að farið sé að öllum liðunum sem eru taldir upp í viðmiðuninni, eins og við á.

Viðmiðun 11. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Kennimerkið skal vera sýnilegt og læsilegt. Skráningarnúmer/leyfisnúmer umhverfismerkis ESB skal koma fram á vörunni og það skal vera læsilegt og augsýnilegt.

Á valkvæða merkimiðanum með textareitnum skal eftirfarandi texti koma fram:

- Viðar-, kork- eða bambusefniviður úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð
- Minni orkunotkun við framleiðslu
- Vara sem losar lítið.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja yfirlýsingu um samræmi við viðmiðunina fyrir þar til bærán aðila, sem er studd með afriti af upplýsingunum sem birtast á umhverfismerki ESB.

I. VIÐBÆTUR

Leiðbeiningar um útreikninginn á magni rokgjarns, lífræns efnasambands sem er notað

Krafan miðast við rokgjörnu, lífrænu efnasamböndin í heild sinni í yfirborðsmeðferðarvörunum í þeirri efnasamsetningu sem þær hafa í blautu formi. Ef það þarf að þynna vörurnar er útreikningurinn byggður á innihaldinu í þynntu vörinni.

Þessi aðferð byggist á notkunaraðferðinni sem felur í sér að magnið sem er notað á m^2 á yfirborðsfletinum er reiknað út. Með henni er innihaldið af lífrænu leysunum, sem eru notaðir, ákvarðað sem hundradshluti af magninu í yfirborðsmeðferðinni sem er notuð.

Magnið af rokgjörnu, lífrænu efnasambandi (VOC) sem er notað er reiknað með eftirfarandi formúlu:

$$\sum_{n=1}^i \text{Magn yfirborðsmeðferðarvöru} \times \% \text{ Rokgjörn, lífræn efnasambönd (VOC)} \times \text{skilvirkni yfirborðsmeðferðar}$$

Formúlan inniheldur:

- Magn yfirborðsmeðferðarvörunnar: magn yfirborðsmeðferðarinnar sem er sett í kerfið skal gefið upp í g/m^2 á hvert yfirborðsmeðferðarefni sem er notað.
- Hlutfall rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (VOC) í yfirborðsmeðferðarvörunum: styrkurinn skal gefinn upp sem hundradshluti af þyngd.
- Skilvirkni yfirborðsmeðferðarinnar, sem fer eftir notkunaraðferðinni. Skilvirkninni er raðað í töflu í samræmi við nýjustu tækni í yfirborðsmeðferðariðnaðinum, eins og sýnt er í töflu 4.2.
- Summu allra yfirborðsmeðferðarefna sem eru notuð.

Tafla 4.2.

Skilvirkni yfirborðsmeðferðanna

Yfirborðsmeðferð	Skilvirkni (%)	Yfirborðsmeðferð	Skilvirkni (%)
Notkun með sjálfvirkri úðun, engin endurvinnsla	50	Rúlluhúðun	95
Notkun með sjálfvirkri úðun, með endurvinnslu	70	Teppahúðun	95
Notkun með rafstöðuúðun	65	Lofttæmihúðun	95
Notkun með úðun, bjalla/diskur	80		

II. VIÐBÆTUR

Leiðbeiningar um útreikning á orkunotkuninni við framleiðsluferlið

Orkunotkun á m² af gólfefni er reiknuð út sem árlegt meðalgildi síðustu þriggja ára. Ef fyrirtækið hefur ekki þau gögn munu þar til bæru aðilarnir meta hvort jafngild gögn eru samþykkt.

Ef framleiðandinn hefur umframorku sem er seld sem rafmagn, gufa eða varmi er hægt að draga selda magnið frá eldsneytisnotkuninni. Í útreikningnum er aðeins haft með eldsneyti sem er í raun notað við framleiðslu gólfklæðningarinnar.

Orkunotkun er gefin upp í kWh/m² þótt einnig megi gera útreikninga í MJ/m² (1 kWh = 3,6 MJ).

Útreikningur á orkuinnihaldi eldsneytanna er byggður á töflu 5.2. Ef rafmagnsorka er framleidd á vettvangi er hægt að nota aðra af eftirfarandi aðferðum til að reikna út eldsneytisnotkun:

- árlega raunnotkun eldsneytis,
- notkun rafmagns sem er framleitt á vettvangi, margfölduð með 2,5 ef uppruninn er óbrennanlegur endurnýjanlegur orkugjafi.

Orkunotkunargildin skulu reiknuð út með stöðluðu eldsneytisgildunum. Orkuinnihald mismunandi eldsneyta er gefið upp í töflu 5.2.

Tafla 5.2.

Stöðluð eldsneytisgildi ⁽¹⁾

Eldsneyti	MJ/kg	Eldsneyti	MJ/kg
Bensín	44,0	Köggjar (7% rakabyngd)	16,8
Dísílolía		Mór	7,8–13,8
Fljótandi jarðölfugas	45,2	Hálmur (15% rakabyngd)	
Eo1 olía	42,3	Lífgas	
Eo5 olía	44,0	Viðarflísar (25% rakabyngd)	13,8
Jarðgas	47,2	Úrgangsviður	
Kol í orkuver	28,5	<i>GJ/tonn er jafngilt MJ/kg</i>	

(¹) Mælt er fyrir um gildin í IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjttíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

(% rakabyngd) er hundraðshluti þyngdar vatns í eldsneytinu og hefur bókstafinn f í formúlunni hér á eftir. Ef ekkert annað er tiltekið er f = 0% rakabyngd og öskuinnihaldið er í meðallagi.

Formúlan fyrir útreikningnum á orkuinnihaldi viðarflísa er háð vatnsinnihaldinu. Það þarf orku til að láta vatnið í viðnum gufa upp. Sú orka dregur úr varmagildi viðarflísanna. Hægt er að reikna orkuinnihaldið út sem hér segir:

$$\text{Viðarflís} = 19,0 \left(\frac{\text{MJ}}{\text{kg}} \right) - 21,442 \times \frac{f}{100}$$

Stuðullinn 21,442 er summa vatnsvarmans við uppgufun (2,442 MJ/kg) og orkuinnihalds þurrs viðar 19,0 MJ/kg. Ef umsækjandinn er með rannsóknarstofugreiningu á varmagildi eldsneytis getur til þess bæri aðilinn haft í huga að nota þetta varmagildi til að reikna út orkuinnihaldið.

III. VIÐBÆTUR

Skrá yfir staðla og aðrar tæknilegar forskriftir

Tafla III.1

Skrá yfir staðla og aðrar tæknilegar forskriftir

Staðall	Heiti
Skilgreiningar vegna gólfklæðninga	
EN 12466	Resilient floor coverings — Vocabulary
EN 13329	Laminate flooring. Specifications, requirements and test methods
ISO 14021	Umhverfismerkingar og yfirlýsingar - Umhverfisstaðhæfingar að eigin frumkvæði (II. tegund umhverfismerkingar)
Losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda (VOC)	
CEN/TS 16516	Byggingarvörur — Mat á losun hættulegra efna - Ákvörðun losunar í andrúmsloft innanhúss
EN 717-1	Wood-based Panels — Determination of Formaldehyde Release — Formaldehyde emission by the chamber method
EN 717-2	Wood-based Panels — Determination of Formaldehyde Release — Formaldehyde release by the gas analysis method
EN 120	Wood-based panels — Determination of formaldehyde content — Extraction method called the perforator method
EMICODE	http://www.emicode.com/en/emicode-r/
Hráefni	
EPF	EPF Standard for delivery conditions of recycled wood, október 2002. http://www.europanel.org/upload/EPF-Standard-for-recycled-wood-use.pdf
EN 1243	Adhesives. Determination of free formaldehyde in amino and amidoformaldehyde condensates
ISO 8214-6	Safety of toys — Part 6: Certain phthalate esters in toys and children's products
Notagildi	
EN 425	Resilient and laminate floor coverings. Castor chair test
EN 660-1	Fjaðrandi gólfefni Ákvörðun slitþols Stuttgart-prófun
EN 685	Resilient, textile and laminate floor coverings. Classification
EN 1534	Wood and parquet flooring — determination of resistance to indentation (Brinell) — test methods.
EN ISO 10874	Resilient, textile and laminate floor coverings — Classification

Staðall	Heiti
EN 12104	Fjaðrandi gólfefni Gólfflísar úr korki Eiginleikar
EN 13329	Laminate floor coverings. Specifications, requirements and test methods
EN 13696	Wood flooring — Test methods to determine elasticity and resistance to wear and impact resistance
EN 14978	Laminate floor coverings — Elements with acrylic based surface layer, electron beam cured — Specifications, requirements and test methods
EN 15468	Laminate floor coverings — Elements with directly applied printing and resin surface layer. Specifications, requirements and test methods
ISO 24343-1	Resilient and laminate floor coverings — Determination of indentation and residual indentation — Part 1: Residual indentation